

Seltjarnarnesbær
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 19. apríl 2023
UST202303-040/P.V.B.
11.09

Efni: Undanþága frá friðlýsingarskilmálum Gróttu

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Seltjarnarnesbæjar, dagsett, 21. apríl 2023, um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gróttu.

Gróttu er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsingar nr. 13/1984](#). Mannvirkjagerð og jarðrask allt, annað en viðhald núverandi húsa og túna, er bönnuð. Umferð óviðkomandi fólks er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 15. júlí. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn. Óheimilt er að fara með hunda um friðlandið og hvers konar vist hunda er þar bönnuð.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum til að slá skógarkerfil á hluta eyjarinnar til að hamla vexti hans til að bæta varpsvæði kríu. Sláttur færi fram áður en varp hæfist og aftur að hausti til. Jarðvegur/sandur verður svo borinn á ákveðin svæði til að auðvelda varp. Jafnframt er óskað eftir undanþágu til að fara í aðgerðir til að uppræta mink á svæðinu. Sett verða upp tvö til þrjú gerfi greni til að lokka minkinn í og meindýraeyðir færi um svæðið eftir þörfum með hund og skotvopn.

Umsagnir:

Í samræmi við við 1. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 29. mars 2023 um beiðni um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gróttu. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 31. apríl 2023. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að undanþágan sé veitt, enda ljóst að minkur hefur valdið skaða á kríuvarpi og öðru fuglalífi í Gróttu og þörf á að grípa inn í. Mikilvægt er að notkun hunda og skotvopna sé beitt af varfærni svo ekki skapist viðbótarhætta fyrir varp fugla. Leitarhundar þurfa að vera vel þjálfaðir til leitar en helst ekki dráps þannig að tryggt sé að minkar séu aflífaðir á mannúðlegan hátt. Þá mega skotvopn ekki vera hávær. Ekki eru gerðar athugasemdir við að skógarkerfil sé haldið í skefjum og skynsamlegt að þær aðgerðir séu tímasettar utan varptíma eins og stendur til. Ekki eru heldur gerðar athugasemdir við aðgerðir til að bæta búsvæði kríunnar svo lengi sem því fylgir ekki óþarfa rask.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif náttúrufar og verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Um er að ræða aðgerðir til að bæta fuglalíf í eyrni. Til skamms tíma getur verkefnið valdið tímabundum truflunum á dýralífi og utan lokunartíma getur framkvæmdin valdið öðrum gestum truflunum. Umhverfisstofnun metur að sé farið eftir skilyrðum undanþágunnar sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Seltjarnarnesbæ fyrir sitt leyti undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gróttu sbr. lýsingu hér að ofan og gildir hún í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- **Senda skal tengiliðaupplýsingar fyrir meindýraeyðinn til svæðissérfræðings Umhverfisstofnunar á suðvesturlandi áður en hann fer inn á svæðið og áætlun um hvenær hann reiknar með að vera á ferðinni.**
- **Reynt skal eftir fremsta megni að fara í eyðingu minks áður en lokunartími friðlandsins hefts þann 1. maí.**
- Sé farið í friðlandið til eyðingar minks á lokunartíma þess skal þess gætt að fólk fylgi ekki í kjölfarið og fari út í eyrni.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Forðast skal óþarfa rask.
- Sláttur og dreifing sands skal fara fram utan varptíma.
- Óheimilt er að hrófla við fuglavarpi eða raska hreiðrum.
- Skotvopn skulu vera eins lágvær og hægt er að koma við.
- Fjöldi heimsókna og dvalartími á lokunartíma skal takmarkaður eins og kostur er.
- Undanþága til að fara um svæðið á lokunartíma er bundin við meindýraeyði og eingöngu til að sinna minkaleit/veiðum og vitja um gildirnar.
- Vanda skal frágang við sláttur og dreifingu sands.
- Meindýraeyðir skal klæðast merktum sýnileikafatnaði eða öðrum auðkenndum fatnaði til að það sjáist að hann sé við vinnu innan svæðisins.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Bisone
svæðissérfræðingur